

Reykjavíkurborg, kt. 530269-7609, Ráðhúsinu, 101 Reykjavík, og Ungmennafélagið Fjölnir, kt. 631288-7589, Fossaleyni 1, 112 Reykjavík, (hér eftir nefnt Fjölnir) gera með sér svofeldan:

## Samning

### 1. gr.

- 1.1 Markmið þessa samnings er að tryggja starfsemi Fjölnis í Grafarvogi. Þá er einnig gengið út frá Fjölni, sem þjónustuaðila íþróttá í Grafarvogi og kveðið á um verkaskiptingu Fjölnis og Reykjavíkurborgar í samningi þessum. Megin markmið aðila samningsins er að tryggja eðlilega og nauðsynlega þjónustu við íþróttaiðkendur í Grafarvogi.
- 1.2 Í íþróttamiðstöðinni við Dalhús munu fara fram æfingar og keppnir á vegum Fjölnis í knattspyrnu, sundi, körfuknattleik og handknattleik. Þar verður einnig aðstaða félagsins fyrir fundi og samkomur eins og verið hefur. Aðstaða verður nánar tiltekið með eftirfarandi hætti í Dalhúsum og í öðrum mannvirkjum:

**Knattspyrna:** Knattspyrnuleikvangur við Dalhús og tvö æfingasvæði neðar í dalnum verða nýtt til æfinga og keppna í knattspyrnu.

**Handknattleikur:** Æfingar og keppnir fara fram í Dalhúsum eftir því sem við verður komið eða í öðrum mannvirkjum samkvæmt nánara samkomulagi aðila, en stefnt er að því að æfingar yngri flokka fari fram í minni sölum á vegum Íþróttabandalags Reykjavíkur (hér eftir nefnt ÍBR), s.s. Rimaskóla.

**Körfuknattleikur:** Æfingar og keppnir fara fram í Dalhúsum en auk þess munu æfingar fara fram í Rimaskóla.

**Sund:** Sunddeild mun hafa aðstöðu til æfinga í Grafarvogslaug en gert er ráð fyrir að afreksfólk nýti jafnframt keppnisaðstöðu í Laugardalslaug.

**Félagsstarf:** Aðstaða fyrir félagsstarf verður áfram í Dalhúsum

- 1.3 Fjölnir heldur áfram rekstri íþróttahúss við Dalhús samkvæmt nánari ákvæðum samnings þessa.
- 1.4 Rekstur íþróttahússins við Dalhús verður alfarið á vegum Fjölnis frá og með 1. janúar 2014. Fjölnir ber þar með alla ábyrgð á almennum kostnaði við rekstur mannvirkjanna, sbr. 4. gr.
- 1.5 Skipuð verður þriggja manna rekstrarstjórn um rekstur íþróttahússins og skipar Fjölnir two fulltrúa, þar á meðal formann, og skipar framkvæmdastjóri Íþróttá- og tómstundasyiðs Reykjavíkur (hér eftir nefnt ÍTR) einn fulltrúa.

- 1.6 Æfingar á vegum félagsins í tennis, sundi, körfuknattleik, handknattleik, fímsleikum og frjálsum íþróttum munu einnig fara fram í öðrum mannvirkjum samkvæmt úthlutun ÍBR. Er hér átt við íþróttasal í Rimaskóla, íþróttasali við grunnskóla í Grafarvogi, Laugardalslaug, frjálsíþróttasal Laugardalshallar og Tennishöllin í Kópavogi og öðrum mannvirkjum eftir nánara samkomulagi við ÍTR.
- 1.7 Sérstakur samningur milli ÍTR og Fjölnis er um vallarmál við Dalhús.

2. gr.

- 2.1 Við upphaf samningstímans skal umhverfis- og skipulagssvið Reykjavíkurborgar (hér eftir nefnt USK) gera úttekt á ástandi mannvirkjanna með tilliti til viðhalds og ástands búnaðar.
- 2.2 Fjölnir greiðir rekstrarkostnað vegna íþróttahússins við Dalhús, þar með talið laun starfsmanna og kostnað vegna ræstingar. Reykjavíkurborg greiðir kostnað við rafmagn, hita og heitt vatn og kostnað við meiriháttar viðhald íþróttamannvirkjanna í samræmi við það sem kemur fram í úttekt USK, sbr. gr. 2.1.
- 2.3 Fjölnir skal kaupa ábyrgðartryggingu vegna starfsmanna íþróttamannvirkjanna og ber ábyrgð á því skaðabótaskylda tjóni sem gestir kunna að verða fyrir og rekja má til vanrækslu á viðhaldi, sem er á ábyrgð félagsins, eða umsjón félagsins á mannvirkjunum.
- 2.4 Fjölnir skuldbindur sig til að halda við þeim mannvirkjum sem samningur þessi nær til og annast allt viðhald og lagferingar, sem ekki telst til meiriháttar viðhalds skv. úttekt USK, sbr. gr. 2.1, sem nauðsynlegar verða á samningstímanum. Meiriháttar viðhald mannvirkjanna, sbr. gr. 2.2, er á ábyrgð USK.
- 2.5 Rísi vafi um hvort telja skuli tiltekna viðhaldsframkvæmd meiriháttar eða ekki skal við mat á því höfð hliðsjón af ákvæðum IV. kafla húsaleigulaga nr. 36/1994.

3. gr.

- 3.1 Á gildistíma samningsins skal framlag Reykjavíkurborgar til reksturs íþróttahússins við Dalhús vegna íþróttæfinga, íþróttamóta og vegna íþróttakennslu skóla vera 27.6 mkr. á ári, með fyrirvara um að gert sé ráð fyrir henni í fjárhagsáætlun Reykjavíkurborgar. Þessi fjárhæð skal endurskoðuð í samræmi við fjárhagsáætlun Reykjavíkurborgar ár hvert. Greiðslur greiðast mánaðarlega með jöfnum greiðslum. ÍBR greiðir Fjölni áfram vegna þjónustu og íþróttafulltrúa.
- 3.2 Fjölnir skal gera árshlutauppgjör og ársuppgjör og leggja fyrir rekstrarstjórn.

**4. gr.**

- 4.1 Fjölnir annast alla þjónustu við æfingar og mótt á vegum Fjölnis og ÍBR. Samráð verður á milli starfsmanna á skrifstofum Fjölnis og ÍBR um niðurröðun leikja, móta og æfinga.
- 4.2 Fjölnir mun fara eftir reglum ÍBR og ÍTR um húsaleigu- og æfingastyrki.
- 4.3 Fjölni er heimilt að leigja út íþróttahúsið við Dalhús, íþrótt- og samkomusali þess og velli og renna tekjur af slíkri útleigu til Fjölnis. Reykjavíkurborg eru heimil endurgjaldslaus afnot af samkomusal á samningstímanum fyrir fundi og ráðstefnur, í samráði við framkvæmdastjóra Fjölnis.
- 4.4 Inngangur í íþróttahús er um tengigang milli sundlaugar og íþróttahúss og einnig að keppnisvelli félagsins vestan íþróttamiðstöðvar sé þess óskað.

**5. gr.**

- 5.1 Aðilar eru sammála um að leita eftir því við Knattspyrnufélagið Fram (hér eftir nefnt Fram) og ÍBR að settur verði á fót sérstakur hópur, skipaður fulltrúum ÍTR, Fjölnis, Fram og ÍBR, auk fulltrúa þjónustumiðstöðvar Grafarholts og Grafarvogs og hverfisíráðs Grafarholts og Grafarvogs, sem geri tillögu til Reykjavíkurborgar að framtíðarsýn fyrir öflugt og fjölbreytt starf með börnum og unglungum í Grafarvogi, Grafarholti og Úlfarsárdal. Jafnframt kanni hópurinn möguleika á auknu samstarfi við skipulagningu íþróttastarfs og samnýtingu íþróttamannvirkja í hverfum.
- 5.2 ÍTR, Fjölnir, og ÍBR munu sameiginlega vinna að sérstöku átaki til að fylga iðkendum í íþróttum meðal barna og ungmenna á starfssvæði félagsins.

**6. gr.**

- 6.1 Fjölnir fær aðstöðu í Egilshöll fyrir íþróttastarf, félagsaðstöðu og skrifstofu samkvæmt sérstöku samkomulagi við ÍTR og rekstraraðila Egilshallar.
- 6.2 Í Egilshöll munu fara fram æfingar og keppni á vegum Fjölnis í knattspyrnu, frjálsum íþróttum, fimleikum, taekwondo og karate, nánar tiltekið með eftirfarandi hætti:

**Taekwondo og karate:** Í íþróttasal verður æfinga- og keppnisvöllur fyrir taekwondo en karatedeild fær æfingaaðstöðu í danssal ásamt búningsaðstöðu. Listskautadeild Bjarnarins fær einnig afnot af danssalnum.

**Knattspyrna:** Gervigrasvöllur og æfingavellir utan við Egilshöll verða til afnota fyrir knattspyrnudeild Fjölnis.

**Fimleikar:** Fimleikadeild fær aðstöðu fyrir æfingar og keppni á vegum félagsins í nýri viðbyggingu við Egilshöll.

- 6.3 Aðilar samningsins eru sammála um að stefnt skuli að byggingu fimleikahúss við hlið Egilshallar á vegum eiganda Egilshallar þar sem fimleikadeild Fjölnis

fær æfingaraðstöðu og unnt verður að halda keppnir í fimleikum á vegum félagsins og ÍBR.

Þegar hin nýja fimleikaaðstaða er orðin nothæf lætur Fjölnir af hendi það húsnæði sem félagið nýtir nú fyrir fimleika í Egilshöll.

- 6.4 Reykjavíkurborg greiðir fyrir húsaleigu og fyrir þjónustu í Egilshöll samkvæmt sérstökum samningi þar um frá 19. maí 2010 milli Reykjavíkurborgar og Knatthállarinnar ehf..

#### 7. gr.

Reykjavíkurborg og Fjölnir skulu taka upp sameiginlegar viðræður við Borgarholtskóla um aðgang skólans að íþróttamannvirkjum á vegum Fjölnis og rekstraraðila Egilshallar og með möguleika á bætri aðstöðu innanhúss til kennslu- og æfinga.

#### 8. gr.

Þar til framtíðarlausn finnst á æfingaaðstöðu fyrir meistaraflokk karla og kvenna í handknattleik og körfuknattleik munu Fjölnir, ÍBR og ÍTR vinna sameiginlega að því að útvega æfingaraðstöðu fyrir þessar deildir.

Að öðru leiti fara æfingar, leikir og mótt á vegum Fjölnis fram í íþróttamannvirkjum við Dalhús, Egilshöll og íþróttamannvirkjum skóla hverfisins sbr. 1. og 6. gr.

#### 9. gr.

Aðilar samningsins munu í samstarfi vinna að útfærslu tveggja valkosta við framtíðarþróun íþróttasvæðis við Dalhús. Þróunin mun taka mið af því hvort framtíðarleikvangur félagsins í efstu deild í knattspyrnu verði í samvinnu við annað íþróttafélag í austurhluta borgarinnar eða Dalhúsum verði haldið sem aðalleikvangi félagsins.

#### 10. gr.

ÍTR og Fjölnir munu skoða séristaklega með hvaða hætti væri hægt að bæta samfelli í starfi félagsins, skóla og frístundaheimila og samgöngumál þessu tengt í Grafarvogi og við önnur hverfi.

#### 11. gr.

Aðilar eru sammála um að einu ári áður en samningurinn rennur út skuli teknar upp viðræður um hvort endurnýja beri samninginn og skal ákvörðun liggja fyrir eigi síðar en 1. júlí 2020.

#### 12. gr.

Verði veruleg breyting á æfingum á vegum Fjölnis og rekstrarumhverfi íþróttamannvirkja hjá ÍTR og íþróttafélögum frá því sem er við undirritun samnings þessa, er samningsaðilum heimilt að óska eftir endurskoðun á greiðslum vegna

reksturs íþróttasala, svo sem vegna breytinga á kjarasamningum og orkukostnaði, og skal ósk um slíkt beint til íþróttar- og tómtstundaráðs.

**13. gr.**

Með samkomulagi þessu fellur úr gildi samningur á milli Reykjavíkurborgar og Ungmennafélagsins Fjölnis frá 30. desember 2010.

**14. gr.**

Samningur þessi gildir frá og með 1. janúar 2014 til 31. desember 2020. Samningurinn er samtals fimm (5) númeraðar blaðsíður og gerður í tveimur samhljóða eintökum, einu fyrir hvorn aðila.

**15. gr.**

Rísi mál út af samningi þessum skal það rekið fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur.

**16. gr.**

Samningur þessi gildir frá og með 1. janúar 2014.



Reykjavík, 6. mars 2014.

F.h. Reykjavíkurborgar

F.h. Ungmennafélagsins Fjölnis

Vottar:

Samþykkt í borgarráði 20. febrúar 2014

12. feb. 2014.

Fjölnir - fjárhagsáætlun 2014.

ÍBR

Íþróttafulltrúi	10.037	með áætl. verðbótum
Vegna fjölda deilda	3.218	með áætl. verðbótum
Vegna þjónustu	7.530	með áætl. verðbótum
Sumarstörf	<u>647</u>	
	21.427	

ÍTR greiðir

Grunnfjárhæð vegna Dalhúsa	10.994	með verðbótum
Vegna húsaleigu- og æfingastyrkja	13.500	með áætl. verðbótum
Viðbót vegna IMG	<u>3.102</u>	með áætl. verðbótum
	27.596	

Fjölnir fær greitt á árinu 27.6 mkr. frá ÍTR vegna reksturs Dalhúsa og vegna húsaleigu- og æfingastyrkja.

Greiðsla þessi kemur öll frá ÍTR og ÍBR greiðir ekki leigu lengur til Fjölnis vegna HogÆ

ÍBR hefur þegar greitt Fjölni árið 2014 kr. 1.125.083 vegna janúar og 1.125.083 vegna feb. og og dregst það frá framlagi ÍTR árið 2014.

Árið 2014

Greiðsla vegna Dalhúsa	2.760.000
Greitt af ÍBR jan. - feb.	<u>2.250.166</u>
Greitt af ÍTR	25.349.834